

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

**Starfsleyfisskilyrði fyrir samkomuhús**

**1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Samkomustaðir eru staðir þar sem fram fer skemmtana- og samkomuhald, þar með taldir hljómleikasalir, söfn, leikhús, kvikmyndahús, kirkjur, markaðir og veitingastaðir.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

**2. Húsnæði og búnaður**

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.5 Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Gólfflötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m<sup>2</sup> og 3,3 m<sup>2</sup> fyrir hreyfihamlaða, loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingunni.
- 2.6 Starfsmenn skulu hafa aðgang að sér snyrtingu með handlaug, sápulegi, einnota handþurrkum og gerileyði. Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað. Fyrirtæki sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003 hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla kröfu um vatnshita.

**3. Hreinlæti og þrif**

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin eftir þörfum sem ræðst af notkun húsnæðisins. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjar hreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Leyfa má reykingar á veitinga- og skemmtistöðum á afmörkuðum svæðum, en tryggja skal fullnægjandi loftræsingunni. Meiri hluti veitingarýmis skal þó ávallt vera reyklaus og tryggja skal að aðgangur að því liggi ekki um reykingasvæði.

**4. Matvæli**

- 4.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeðlunarreglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

## 5. Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 5.2 Gæta skal þess að mengun s.s. hávaði og lykt valdi hvorki gestum né nágrönnum staðarins óþægindum eða ónæði.
- 5.3 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 5.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 5.5 Leitast skal við að nota umhverfissvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru
- 5.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

### **Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vöruhegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, reglugerð nr. 288/1987 um veitinga og gististaði, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 55.40 Krár, kaffihús, dansstaðir, o.fl.